

**Erindi íbúa í hverfinu um umferðaröryggi í Ásum dags. 26. október 2022**

Góðan daginn,

Jónína heiti ég og er íbúi í Deildarási 6. Vil ég leggja fyrir erindi til næsta íbúarráðsfunns.

Í gegnum göturnar Heiðarás, Fjarðarás, Eyktarás og Deildarás liggur göngustígur (sjá meðfylgjandi mynd). Stígurinn liggur einnig í gengum leikvellir og liggur þessi stígur að Fylkishöllinni og Árbæjarlauginni, helstu æfingar- og frístundarsvæði krakka í Árbænum.

Í götunum er 30 km/klst hraðatakmarkanir en raunin er sú að meðalhraði er því miður trúlega nær 50km/klst því það eru engir innviðir sem tryggja að hraðatakmarkunum er framfylgt. Sömu sögu segja íbúar í Heiðarási og Fjarðarási (get komið með nöfn íbúa ef þarf)

Það skapar mikla hættu fyrir krakka sem þurfa að fara yfir göturnar á leið sinni gegnum stíginn, hvort sem þau eru labbandi, á hjóli, rafskutlu eða annað.

Til þess að tryggja öryggi barna og fullorðna legg ég til að lagðar verða gögnubrauta-málaðar hraðahindranir fyrir bíla þar sem fólk fer yfir göturnar í þessum 4 götum til að labba stíginn á leið sinni í Fylki, sund eða aðra frístund. Einnig myndi gögnubrautarskilti auka sjáanleika hraðahindraninna og því líklegra að hægja á hraða bíla um göturnar

Myndi ég endilega vilja kynna erindið á næsta íbúarráðsfundi, eða þegar tími gefst til að setja það á dagskrá.

Ef fundirnir eru lokaðir, þá er ykkur velkomið að heyra í mér fyrir frekari upplýsingar fyrir ákvörðunartöku.

Hlakka til að heyra frá ykkur

--

Bestu kveðjur

Jónína Magnúsdóttir

S: 847-8641